

**Ed.**

**656. Breytingartillögur**

[238. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn.

Skulu þeir skipaðir án tilnefningar, og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðamanna.
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
3. Félag leiðsögumanna.
4. Félag sérleyfishafa.
5. Ferðafélag Íslands.
6. Flugleiðir hf.

7. Náttúruverndarráð.
8. Samband íslenskra sveitarfélaga.
9. Samband veitinga- og gistihúsaeygenda.
10. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráð skal koma saman til fundar ekki sjaldnar en 10 sinnum á ári.

Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum, sem hafa tilnefnt þá.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir, til þess að vinna að einstökum málaflokkum, svo og sérstaka framkvæmdanefnd.  
Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurráða ferðamálastjóra svo oft sem vera vill.  
Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:  
Lagt skal sérstakt gjald á vörusölu Friðhafnarinnar í Keflavík, og skal það nema 10% af árlegu söluverðmæti. Skal því ráðstafað á eftirfarandi hátt:
  - a) Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
  - b) Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 24. gr.
  - c) Til að veita einka- og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum, sem fjölsóttir eru.Ferðamálaráð gerir tillögur til ráðherra um skiptingu fjárens, og tekur hann endanlega ákvörðun.  
Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.
6. Við 16. gr. Orðið „stjórnar“ falli niður.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:  
Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 7.0 millj. kr.  
Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og breytt í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.  
Ferðaskrifstofur skulu árlega senda ráðuneytinu ársreikninga sína, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda.
8. Við 24. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður:
  3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis, eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu, hvar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.
9. Við 28. gr. Greinin orðist svo:  
Umsóknir um lán og framlög úr Ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði, sem fjallar um þær og ákveður einstakar lánveitingar og framlög.  
Ákvarðanir Ferðamálaráðs skulu staðfestar af ráðherra.
10. Við 35. gr. Greinin orðist svo:  
Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.  
Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.